

# Helstu vandamál við eftirlitsheimsókn 2011



Athugasemdir Food and Veterinary Organisation (FVO)

Athugasemdir Matvælastofnunar (MAST)

Gunnar Örn Guðmundsson

September 2011



- **Reglugerð 103/2010**

- Nr. 103/2010 (852/2004 ESB) fjallar um almenn ákvæði um hollustuhætti sem varða matvæli
- Frumábyrgð á öryggi matvæla hvílir á stjórnanda matvælafyrirtækis
- I. Viðauki fjallar um frumframleiðslu
- II. Viðauki þar koma fram almennar kröfur um hollustuhætti matvælafyrirtækja
  - Athuga lesa fyrst viðauka II í 103/2010

- Reglugerð 104/2010

- Reglugerð nr. 104/ 2010 ( 853/2004 ESB)  
fjallar um sérstakar reglur um hollustuhætti er  
varða matvæli úr dýraríkinu



## • Nýjar reglur

- Hið nýja regluverk gefur meiri möguleika á mismunandi túlkun einstakra þátta í eftirlitinu
- Kröfur eru sveigjanlegri en áður, þrátt fyrir aukna og strangari vöktun eftirlitsþátta
- Gerð er stíf krafa um skráningu eftirlitsþátta, *“ það sem ekki hefur verið skráð, hefur ekki verið gert ”*
- Gerð er rík áhersla sem fyrr um að verklagsreglur séu til um alla verkþætti fyrirtækjanna

## • Sveigjanleiki

- Sveigjanleiki er meiri en var í fyrri reglum, en án þess að það ógni öryggi um heilnæmi matvæla
- Til smærri fyrirtæki er unnt að gera vægari kröfur sérstaklega hvað varðar skjalahald
- Hjá minnstu fyrirtækjunum ( 1-2 manna ?), með einfalda framleiðslu, gæti hugsanlega nægt að vera ekki með fullkomið innra eftirlit, ef þar eru góðir starfshættir hafðir í heiðri

- Heimsókn FVO og ESA haustið 2011
  - Farið skyldi yfir hlutverk og hlutverka skiptingu MAST og HES
  - Viðbrögð og eftirfylgni vegna athugasemda frá fyrri heimsókn 2010
  - Staða fyrirtækja með tilliti til aðlögunar þeirra að nýjum matvælaeðglum
  - Skráning fyrirtækja
  - Fara skyldi yfir húsnæði og búnað matvinnslufyrirtækjanna

- Heimsókn FVO nefndar í september 2011
  - Á Reykjavíkursvæðinu var farið í tvær kjötvinnslur, eitt sláturhús og eitt mjólkurbú
  - Sláturhúsið hafði verið heimsótt af FVO nefnd 2010 og voru viðbrögð vegna athugasemda þá yfirfarin
  - Ekki hefur enn þá verið gerð nein skoðun frá FVO né ESA á sláturhúsum og kjötvinnslum í alifuglageiranum né heldur á eggjaframleiðslunni

# • Athugasemdir FVO við húsnæði fyrirtækjanna I

## • Utan dyra

- Oftast umgengni í betra lagi, hús máluð, plön bundin föstu undirlagi og úrgangur í gámum
- Áberandi var hve margir gámar voru við langflest fyrirtæki, sumir gámanna voru frystigámar með matvælum aðrir með umbúðum og fleiru. Samkvæmt skoðun FVO eru gámar ekki ætlaðir til geymslu á matvælum aðeins til flutnings á þeim.

## Húsnæði of lítið eða skipulagningu ábótavant

## • Gólf

- voru oft í lagi, einnig niðurföll og vatnshalli, en sums staðar var farið að brotna uppúr þeim, eða gólfefni farin að flagna af: **Skortur á viðhaldi**



# Athugasemdir FVO við húsnæði fyrirtækjanna II

## • Veggir

- algengt að staðir væru innan fyrirtækjanna þar sem málning var farin að flagna: **Skortur á viðhaldi**
- mikið um skot og horn þar sem ekki var unnt að koma við þrifum: **Ekki nógu góð hönnun**
- Finna mátti staði þar sem óvarið timbur var til staðar þrátt fyrir reglur þar um: **Skortur á viðhaldi**

## • Loft og rjáfur:

- Víða í fyrirtækjunum bar á myglu í loftum og rjáfri: **Hreinlæti ekki sem skyldi**
- Víða mátti sjá ryðmyndanir á málmklæðningum: **Skortur á viðhaldi**
- Loft voru of oft óhrein: **Hreinlæti ábótavant**

- Athugasemdir FVO við búnað fyrirtækjanna l
  - Rekjanleiki er ekki tryggður á pakkaðri og ópakkaðri vöru, varan er ómerkt
  - Innþökkuð vara sem senda á til frekari vinnslu þarf að vera merkt, t.d. lofttæmdar umbúðir utan um vöðva, pakkaðar pylsur til áleggsgerðar
  - Ekki er heimilt að endurnýta flutningskassa undir matvæli, nema unnt sé að þvo þá og sótthreinsa fyrir notkun
  - Áhöld með trésköft eru ekki til að nota í matvælavinnslum

- Athugasemdir FVO við búnað fyrirtækjanna II
  - Endurnýjun þvottaslangna er víða ekki gert
  - Vara sem ekki er ætluð til útsendingar, t.d. matvæli fyrir starfsfólk verður að vera sérmerkt í geymslum fyrirtækjanna
  - Alltof algengt að opið sé út á hlað í fyrirtækjunum, þ.e. dyr látnar standa opnar
  - Umbúðir, gámar eða kör fyrir afskurð ekki heppileg, óhæg til þrifa og sótthreinsunar
  - Skordýravarnir víða ekki sem skyldi

- Athugasemdir FVO við búnað fyrirtækjanna III
- Kælar og frystar
  - Helstu athugasemdir um búnað voru gerð við kæli- og frystieiningar sem voru staðsettar í fyrirtækjunum
  - Kælar, og frystar voru nærri allir með flötu þaki, sem ekki var á þrifaáætlun. Úrbætur, að helst væri ekkert opið rými fyrir ofan kæla, eða til vara að þökin væru sett inn í þrifaáætlun
  - Kælar og frystar voru oft sjálfstæðar einingar inn í fyrirtækjunum og voru þá staðsettir á þann hátt að óþrífanleg skot og horn voru á milli þeirra og veggja
  - Skortur á hillum og skipulagningu í kælum og frystum var áberandi

Skortur á skipulagningu, gloppur í þrifaáætlun

- Athugasemdir FVO við búnað fyrirtækjanna IV
  - Nefndin gerði athugasemdir við að reykofnar stæðu í sama rými og kjötvinnsla færi fram í
  - Reykofnar með flötu þaki líkt og kælar, sem sagt ekki þrifnir að ofan
  - Ekki nógu skýr afmörkun á vinnslu soðinna afurða og hrárra
  - Fullvinnsludeildir og úrbeiningardeildir þurfa vera aðskildar frá öðrum rýmum

# • Athugasemdir um matvælin

- Matvæli geymd í kælum og frystum óvarin og innan um pakkaðar afurðir
- Matvæli að finna í kælum og frystum sem eru algerlega ómerkt
- Ekki til staðar hraðfrystar, matvæli eru fryst í geymslufrystum án nokkurar vitneskju um frystiafköst, jafnvel óvarin með öllu
  - Vantar nákvæmari verklagsreglur um meðferð matvæla
  - Vantar að fylgt sé verklagsreglur um rekjanleika
  - Skortur á aga eða skilnings starfsmanna innan fyrirtækjanna um góða starfshætti

- Samantekt athugasemda FVO um húsnæði og búnað
  - Viðhaldi bygginga er víða ábótavant
    - Vantar virka viðhaldsáætlun skv. HACCP kerfi
  - Hönnun bygginga ábótavant
    - Kæli- og frystiklefar lausir frá aðliggjandi veggjum
    - Kæli- og frystiklefar með sléttu þaki sem ekki er þrifið
    - Of lítið rými fyrir fleiri kæla og frysta
  - Flæði vöru, umbúða og starfsfólks víða ábótavant
    - Sums staðar vantaði alveg flæðirit
    - Vantar skýrari lýsingar á flæðritum innan fyrirtækjanna

- Athugasemdir við eftirlit Matvælastofnunar
  - Úttektaraðilar nota ekki alltaf gátlista sem skyldi
  - Skýrslur taka ekki nóg mið af gátlistum
  - Skýrslur um úttektir berast forstöðumönnum matvælafyrirtækjanna stundum of seint
  - Ekki eru nógu skýr fyrirmæli um hvenær umbótum á að vera lokið, frestir til úrbóta ekki nógu vel tímasettir
  - Skortur á eftirfylgni



- Athugasemdir við Matvælastofnun
  - Matvælastofnun er að mati FVO ekki nógu tilbúin til að takast á við þessar breytingar, vantar mannskap og betra skipulag
  - Matvælastofnun virðist hafa farið seint í kynningar á breytingum matvæla- reglugerða
  - Matvælastofnun hefur tæplega enn þá lokið við að flokka fyrirtækin í flokka sem segja til um hæfni þeirra til að ljúka breytingum
  - Gerðar voru athugasemdir við lista Matvælastofnunar yfir matvæla- fyrirtæki í landinu

# Takk fyrir!

---

[www.mast.is](http://www.mast.is)

